

Már Pétursson Hraunbrún 38, 220 Hafnarfirði, [mp@bondi.is](mailto:mp@bondi.is), 555 3630 898 3630

Hafnarfirði 28 maí 2013

Hafnarfjarðarbær  
skipulags og byggingamál  
Norðurhellu 2, 221 Hafnarfirði

**Efni: Lóðarhafi að Hraunbrún 38 sækir um 115 fermetra viðbót við leigulóð sína að Hraunbrún 38.**

Ég undirritaður, Birgir Már Pétursson kt. 1112393049, sáki hér með um fá á leigu um 7,39 metra breiða og um 15,54 metra langa spildu austan við leigulóð mína að Hraunbrún 38 sunnanverða, er afmarkist að norðan af mörkum lóðarinnar Hraunbrún 40, en að sunnan af línu dreginni til austurs í beinu framhaldi af lóðarmörkum milli Hraunbrúna 38 og Norðurbrautar 28. Allt samkvæmt nánari útmælingu trúnaðarmanna Skipulags og byggingarsviðs og ákvörðun skipulagsyfirlvalda bæjarins..

Til vara sáki ég um minni spildu, þ. e. 6 metra breiða og 14,21 metra langa austan við lóðina að Hraunbrún 38 sunnanverða sem afmarkist að sunnan af línu dreginni til austurs í beinu framhaldi af lóðarmörkum milli Hraunbrúna 38 og Norðurbrautar 28.

Greinargerð: Árið 1981 fékk ég úthlutun fyrir og síðar lóðarleigusamning um byggingarlóð að Hraunbrún 38. Svo sem nafn götunnar ber vitni er lóðin rétt undir brún hraunsins, suðausturhluti hennar er í raun dálítill hvammur eða vik inni brún hraunsins. Samkvæmt afmörkun lóðarinnar við úthlutun og samning lágu lóðarmörkin þó ekki alveg að brún hraunsins heldur lágu mörkin gagnvart bæjarlandinu þvert yfir umræddan hvamm í um 6 metra fjarlægð frá botni hans.

Þar sem mig langaði til þess geta skipulagt og nýtt hvamminn alveg að hraunveggnum, sem er um fjögurra metra hárr. samdi ég um og fékk 3,5 metra breiða og 14,21 m. langa viðbótarspildu í hvamminum samkvæmt sátt gerðri hinn 15.10.1985 í bæjarpingsmálinu nr 400/1985. Dómsmálið snerist raunar um lögmæti þess að jafna niður kostnaði bæjarins vegna eignarnámsbóta fyrir land í Hvömmum á allar úthlutaðar lóðir, en lóðin við Hraunbrún var úr landi er bærinn áður átti. Afhending 3,5 metra spildunnar til mín án greiðslu gatnagerðargjalds var liður í endurgreiðslu oftekins upptökugjalds án þess að bærinn viðurkenndi opinberlega ólögmæti þess. Hæstiréttur dæmdi síðar upptökugjaldið ólögmætt í öðru hliðstæðu máli.

Það voru mistök hjá mér að semja ekki um eða sækja um a.m.k. 6 metra breiða spildu, þ. e. alveg að klettinum eða hraunbrúninni, en byggingarfulltrúi hefur nýlega bent mér á, sem rétt er, að ég hef ræktæd alveg að hraunbrúninni og þar með nýtt í heimildarleysi nokkra fermetra af landi bæjarins.

Tilgangur minn með umsókn þessari er að bæta úr þessari vanheimild minni. Ástæðan fyrir því að ég sáki nú um eigi minna en 6 metra breiða viðbótarspildu, en ekki 3 metra, sem væri nægilegt til þess að fá land að klettinum eða hraunbrúninni í botni hvammsins, er sú, að þegar ég hreinsaði lausagrjót úr botni hvammsins, kom í ljós dálítill hellisskúti, um 3 - 4 metra djúpur, sem mig langar til að fá heimildir á.


Lóðarleigusamningur, sem er um úthlutaða lóð 1981 ásamt viðbótinni 1985, er útgefinn 16. október 1987 þinglýst 28. des. 1987 skjal nr. 14224.

Virðingarfyllst

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	29.5.2013
Málsnr:	130.53.67
Bréfali:	52.1

*Már Pétursson*


Prenta



Notist ekki sem heimild til graftar.



### Hafnarfjörður



þessi flögur hana við eis.

Vit bæt um sátt að eis